



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 30. maí 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd). Þingskj. 837 - 595. mál. 152. löggjafarþing 2021-2022.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir tækifærið.

Barnaheill hafa áður sent umsagnir um málið á fyrri stigum þess, í samráðsgátt og til Alþingis árið 2020.

Samtökin fagna því að lagt er til í frumvarpinu að sett verði reglugerðarheimild um mat á hagsmunum barna og að ætlunin sé að gert sé ráð fyrir að undirbúningur reglugerðar um barnvænt hagsmunamat á umsóknum um alþjóðlega vernd verði samstarfsverkefni dómsmálaráðuneytis og mennta- og barnamálaráðuneytis. Í fyrri umsögnum Barnaheilla hefur ákall eftir skýrari framkvæmd á mati á áhrifum ákvarðana útlendingayfirvalda á börn verið snar þáttur og því er ánægjulegt að sjá þá þróun sem hér má merkja.

Barnaheill leggja sem áður áherslu á mikilvægi þess að allar ráðstafanir eða ákvarðanir yfirvalda er varða börn séu byggðar á því sem börnunum er fyrir bestu, sbr. 3. grein Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013. Af því leiðir að allar takmarkanir á réttindum barna sem festa á í lög þarf að rökstyðja og byggja á raunverulegu mati á áhrifum þeirra ákvarðana á líf barna sem hingað leita eftir alþjóðlegri vernd. Ákvarðanir sem teknar eru um takmarkanir réttinda skulu einnig vera byggðar á því sem börnum er fyrir bestu, ef þær eru yfirleitt mögulegar með því skilyrði, í því vel stæða ríki sem Ísland er. Í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir eru börn og foreldrar þeirra undanskilin frá réttindamissi þeim um þjónustu sem fullorðnum er gert að þola þegar synjun um vernd liggur fyrir, er það vel og með því hefur verið bætt úr alvarlegum ágöllum fyrri frumvarpa og það ber að þakka.

Barnaheill hvetja íslensk stjórnvöld til að taka aukinn þátt í flóttamannavanda heimsins með því að rýmka frekar möguleika flóttafólks, sér í lagi barnafjölskyldna, til að öðlast hér alþjóðlega vernd og axla þannig ábyrgð sína á sameiginlegu verkefni alls heimsins, flóttamannavandanum, sem m.a. má rekja til loftslagsvandans sem vestræn ríki eiga stóran þátt í að hafa valdið. Til þess þarf að leggja fram aukið fjármagn og fjölga starfsfólki Útlendingastofnunar og gera betur fyrir hvern og einn einstakling í stað þess að draga úr einstaklingsréttindum flóttafólks.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin leggja áherslu á bann við mismunun og að jafna tækifæri allra barna til að njóta bestu mögulegu lífsskilyrða.